

4 GREINING Á HINUM SLÆMU RÓTUM MÓDERNISMANS

4.1 Vandamál 1: Sérhæfingin

4.2 Vandamál 2: Hið vélræna

4.3 Vandamál 3: Formræn óreiða

4.4 Vandamál 4: Vöntun á táknrænu innihaldi

4.5 Vandamál 5: Gróf, vélræn skemu

4.6 Vandamál 6: Hin harða heimsmynd

4 GREINING Á HINU SLÆMU RÓTUM MÓDERNISMANS (4 síður)

Framlag TV til greiningar á rótum módernismans, er aðallega að finna í þremur bóka hans, og í einni grein:

„**Mótun framtíðar**“, 2015, bls. 100-105, 109-111 og 116-118. Starfssaga TV. Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/Book.pdf> Hljóðbók er á Storytel í lestri Jóhanns Sigurðarsonar og hjá Hljóðbókasafni í lestri TV.

„**Borg og náttúra... ekki andstæður heldur samverkandi eining**“, 1999. bls. 9-36. Byggð á dr.ritgerð TV. Um galla heimsmyndar hólfunar... og skipulagssaga Rvk greind út frá því. Búin til hönnunarfræði, byggð á T'ai Ch'i, sem tengir saman borg og náttúru á ný. Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/.../Books/Borg%20og%20Nattura.pdf> Hljóðbók er á Storytel í upplestri Jóhanns Sigurðarsonar.

„**A Theory of Integration in Design and Planning Based on the Concept of Complimentarity**“. Dr.ritgerð TV, UC Berkeley, 1987. Bls. 1-42. Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/DrRitgerd.pdf>

Greinin „Litir, skraut og lífsgleði“. Birtist í Hönnun, 1987. Hana má lesa hér: https://notendur.hi.is/tv/Content/Articles/Litir_skraut_og_lifsgledi.pdf

Vandamálin sex, sem fjallað verður um hér á eftir, í sex undirköflum, eru:

Vandamál 1) : Sérhæfingin

Vandamál 2) : Hið vélræna

Vandamál 3) : Formræn óreiða

Vandamál 4) : Vöntun á táknrænu innihaldi

Vandamál 5) : Gróf, vélræn skemu


Vandamál 6) : Hin harða heimsmynd

Ég gerði þessi vandamál AÐ GRUNNI DR.RITGERÐAR MINNAR, en mun þó aðeins nota texta úr „Mótun framtíðar“, því dr.ritgerðin er á ensku, og orðalagið oft flókið. – Í „Mótun framtíðar“ útskýri ég frá hversvegna þetta málefni varð að meginviðfangsefni dr.ritgerðarinnar: „... Eins og margt ungt fólk, var ég mjög óánægður með margt í heimsmynd, umhverfismótun og í siðrænum málefnum samtímans...

Þetta brann, í raun, svo mjög á mér að ég ákvað að láta dr.ritgerðina byrja á að skilgreina RÆTUR ÞESSARA VANDAMÁLA, og reyna að koma síðan með hugmyndir um hvernig við gætum komist út úr þessum alvarlegu vandamálum...“ (MótFramt. Bls. 101).
Og ég held áfram: „... Hinn fræðilegi hluti dr.ritgerðarinnar lýsti hvernig ÞESSI VANDAMÁL nútímasamfélaga og hönnunar, eiga djúpar RÆTUR Í HINNI HÖRÐU VESTRÆNU HEIMSMYND. Tókst mér – eftir mikið grúsk – að móta mjúka, heildstæða hönnunarteoríu, með að stúdera prinsíp í gömlum austrænum heimsmyndum ...“ (MótFramt. Bls. 102).

4.1 Vandamál 1: Sérhæfingin

Um þetta segi ég í „Mótun framtíðar“: „... Fyrst um vandamálsþátt 1) Sérhæfinguna: – SÉRHÆFING í samfélagi og hönnun, leiðir til þess að HEILDIR BROTNNA UPP OG TENGLS ROFNA. Bein afleiðing af þessu er að við þurfum að innleiða skemu og aðferðir sem búa til tengingar og heildir. Praktískt dæmi um þetta, er að líta ekki á hönnun húss og garðs sem sitthvort verkefnið, heldur séu hús og garður látin – í hönnuninni – tengjast og mynda eina heild...“.



MYND 4.1 - Einkennandi er aðskurður og vöntun tengsla.
Um lausnir á þessu vandamáli má lesa í 5.1.

4.2 Vandamál 2: Hið vélræna

Skilgreining úr Mótun framtíðar“: „Vandamálsþáttur 2) er Hið vélræna, sem í hönnun kemur fram sem t.d. beinar vélrænar línur og kassalöguð form. Þetta eru mjög einkennandi form í móðernisma og ER MANNESKJUFJANDSAMLEGT OG KALT. Ráðið til að komast út úr þessu er að taka upp lífrænni aðferðir og heimssýn, en innan hennar eru mjúk og sveigð form eðlileg...“ (MótFramt. Bls. 101).




MYND 4.2 - Beinar vélrænar línur og kassalöguð form.

Um lausnir á þessu vandamáli má lesa í 5.2.

4.3 Vandamál 3: Formræn óreiða

Í „Mótun framtíðar“ segir“: „... Næsti þáttur; 3) Formræn óreiða, einkennist af því, að það vantar samtengjandi reglur í hönnun, sem og í heimsmyndinni almennt. Slíkar reglur þekkjum við frá gömlum stíltegundum, sem oft hafa vaxið beint út úr þeirri heimsmynd sem var ríkjandi á viðkomandi tímabili. Dæmi um þetta er t.d. gotnesk kirkja sem er samræmd „sinfónía“ upphafinna forma, og hefur því áhrif sem sterk tilbeiðsla...“ (MótFramt. Bls. 101).



MYND 4.3 - Vantar samræmandi reglur í formgjöf eins og voru í gömlum byggingarstílum.

Um lausnir á þessu vandamáli má lesa í 5.3.

4.4 Vandamál 4: Vöntun á táknrænu innihaldi

Úr „Mótun framtíðar“: „... Þáttur 4) Vöntun á táknrænu innihaldi, er skyldur þætti 3) sem fjallaði um vöntun á undirliggjandi þema – nema hérna er sérstaklega bent á, að áður fyrr voru hús og skipulag oft þrungið táknrænni merkingu... nokkuð sem er nær alveg horfið úr nútímahönnun...“ (MótFramt. Bls. 101).




MYND 4.4 – Hús og skipulag vantar táknræna merkingu í nútímanum.

Um lausnir á þessu vandamáli má lesa í 5.4.

4.5 Vandamál 5: Gróf, vélræn skemu


„... Fimmti vandamálapátturinn er: 5) Gróf skemu. Dæmi um gróft skema er t.d. skipulag sem skiptir þáttum borgarlífsins í einöngruð hólf. Lausnin á þessu er, að nota skemu sem eru grundvölluð á mannlegum þörfum, en ef það er gert, láta skipuleggjendur t.d. athafnir í borgum fléttast saman á lífrænan hátt...“ (MótFramt. Bls. 102).



MYND 4.5 - Vélrænt skipulag sem skiptir þáttum borgarlífsins í einöngruð hólf. Um lausnir á þessu vandamáli má lesa í 5.5.

4.6 Vandamál 6: Hin harða heimsmynd

„Síðasti þáttur vandamála nútímans er: 6) Hin harða heimsmynd. Í arkitektúr kemur hin harða heimsmynd t.d. fram í því að láta fúnksjónir ráða hönnuninni, sem gerir hönnunina kalda, en sinna hinsvegar lítið um hin mjúku gildi fallegra forma og hlýju, sem mannum eru svo mikilvæg. Lausnin á þessu felst ekki, að mínu álit, í að taka upp formalisma í stað fúnksjónalisma, því formalismi getur verið álíka kaldur og fúnksjónalisminn... heldur þarf hönnunin að stjórna af mannvænum gildum, og reyndar helst, að það sé fallegur samhljómur milli forms og innihalds...“ (MótFramt. Bls. 102).



MYND 4.6 - Það að láta fúnksjónir ráða hönnun gerir hönnunina kalda og vélræna. Um lausnir á þessu vandamáli má lesa í 5.6.